

22 OCT 2018

Bréfalykill: 19.3

Mosfellsbær
Sigríður Harpa Jónsdóttir
Þverholt 2
270 Mosfellsbær

Reykjavík, 17. október 2018
Tilvísun: 201809085 / 3.4

Efni: Lýsing fyrir gerð deiliskipulags fyrir staðsetningu vatnsgeymis í austurhlíðum Úlfarsfells, Mosfellsbær

Mosfellsbær hefur, með erindi dags. 27. september 2018, sent Skipulagsstofnun lýsingu til umsagnar skv. 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga. Ekki kemur fram hvenær lýsingin var samþykkt til kynningar í skipulagsnefnd/ sveitarstjórn. Lýsingin varðar tillögu að deiliskipulagi fyrir staðsetningu vatnsgeymis í austurhlíðum Úlfarsfells ásamt aðkomuvegi og lögnum að og frá fyrirhuguðum geymi.

Samkvæmt gildandi aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030, breyting frá 22. júní 2018 er landnotkun skilgreind sem iðnaðarlóð (419-I) fyrir vatnsgeymi, stærð lóðar er 600 m², fyrirhugað vatnsmagn er 1000-2000 m³, opið svæði til sérstakra nota, skógrækt (415-Os) auk óbyggðs svæðis. Innan svæðisins er reiðstígur sem er hluti reiðleiðar frá Reykjavegi að Hafravegi (2. áfangi), fyrir hann er í gildi deiliskipulag sem samþykkt var 1. nóvember 2006.

Lýsingin er dagsett 5. september 2018.

Deiliskipulagssvæðið nær til 42,7 ha svæðis, innan þess verður ákveðin staðsetning vatnsgeymis sem ætlað er að auka þrýsting á neyslumatni í nokkrum hverfum, ákveða staðsetningu lagna og stíga og samræma deiliskipulagið gildandi deiliskipulagi reiðleiðar yfir svæðið.

Gerð er grein fyrir kynningu, samráði og skipulagsferli.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og telur að lýsingin geri fullnægjandi grein fyrir skipulagsáformum.


Unnsteinn Gíslason